

Ed.

27. Frumvarp til laga

um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Aftan við 36. gr. í V. kafla laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar jörð hefur verið byggð eða leigð með þeim skilmálum, að jarðarafgjaldið skal greiddast í hlunnindum, skulu þau reiknast til peninga með sama verði og þau voru reiknuð á árið 1939. Er landeiganda óheimilt að taka hærra afgjald af jörðinni en sem nemur þeirri upphæð, svo lengi sem það ástand ríkir hér í verðlagsmálum, að hömlur eru settar með lögum um verðlag eða að launþegar fá uppbætur á laun sín samkvæmt vísitölu. Þó má hækka þetta gjald, ef nauðsynlegt er, upp í 4% af samanlögðu fasteignamati jarðarinnar og þeirra húsa, er landeigandi á og lætur fylgja jörðinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Margar af beztu jörðum landsins hafa um langan aldur verið byggðar þannig, að afgjaldið er greitt með hlunnindum, þ. e. með dúm, skinnnum eða öðrum afurðum jarðarinnar. Er þá jafnan miðað við magn, en ekki tekið tillit til verðlags þess, sem fyrir þessar afurðir fæst á hverjum tíma. Vegna núverandi verðbólgu hafa jarðarafgjöld þessi hækkað nærri fjórfalt síðan 1939, og er nú svo komið, að ábúendurnir fá ekki lengur risið undir afgjöldunum. Hafa sumar hverjar ágætar hlunnindajarðir lagzt í eyði af þessum ástæðum, svo að nú er eigi nytjað þar annað en hlunnindin, sem hirt eru af landeiganda, en hús og jarðir niðast niður. Liggur við borð, að svo fari um fleiri jarðir, ef ekkert er að gert til úrbóta, hvorki af hendi landeiganda eða því opinbera.

Í 36. gr. ábúðarlaganna frá 1933 er gert ráð fyrir því, að endurskoðun á leigumála geti verið nauðsynleg vegna breytinga á verðlagi, og því heimilast hvorum aðila fyrir sig að krefjast þess, að úttektarmenn meti eftirgjald jarða með hliðsjón af leigumála og þeim breytingum, sem á hafa orðið, síðan hann var gerður. Er því aðilum bæði heimilt og skylt að nota þennan rétt, eins og á stendur, ef ekki fengist önnur heppilegri og einfaldari lausn á málinu. Hins vegar er það ljóst, að málið yrði að takast upp þannig af hverjum einstökum leiguliða, og óvíst, að fullt samræmi fengist á þann hátt, þar sem matið yrði þá framkvæmt af ýmsum úttektarmönnum, auk þess sem það tæki mjög langan tíma að samrýma þetta og hefði einnig töluverðan kostnað í för með sér. Miklu einfaldara og sjálfsagðara virðist því að skipa þessum málum nú með lögum til samræmingar um land allt.

Því verður ekki mótmælt, að hirðing hlunnindanna kostar ábúanda margfalt meira nú en fyrir stríð, og því er það ranglátt að íþyngja honum í afgjaldi því meir sem verðbólgan eykst, en leyfa á sama tíma landeiganda að taka margfaldan arð af eigninni án þess að kosta nokkru meira til hennar en áður var.

Alþingi hefur með ýmiss konar löggjöf, m. a. með lögum nr. 39 1943, takmarkað tekjur einstaklinga af eignum, sem beinlínis aukast vegna verðbólgunnar án nokkurs annars tilverknaðar, og væri því lítið samræmi í því að leyfa ekki breytingu þá, sem frv. þetta fer fram á. Er þess því vænt, að það nái samþykki þingsins svo snemma, að lögin komi til framkvæmda þegar á þessu ári.